

Alþingi  
Erindi nr. P 130/2599  
komudagur 8.7.2004

Til Heilbrigðis- og tryggingamálanefndar Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. júní, 2004

**Efni: frumvarp til laga um bann við umskurði kvenna 198. máí lagafrumvarp  
á 130. löggjafarþingi**

Samtök kvenna af erlendum uppruna hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um bann við umskurði kvenna. Fyrsti flutningsmaður er Kolbrún Halldórsdóttir.

Að áliti Samtaka kvenna af erlendum uppruna er umskurður kvenna réttnefnd skemmdar- aðgerð á líkama kvenna sem gengur nálægt hverjum einstaklingi sem fyrir henni verður. Þessi aðgerð, sem venjulega er framkvæmd á stúlkum undir fermingu, felur í sér að numinn er á burt hluti af snípi stúlkunnar. Þetta getur orðið þess valdandi að þær sem fyrir umskurði verða ná ekki að lifa heilbrigðu kynlífi síðar á ævinni eða fá notið þess á eðlilegan hátt. Umskurður veldur því líkamlegum, sálrænum og andlegum skaða. Af sjálfri aðgerðinni geta hlotist margvísleg heilsufarsleg vandamál.

Umskurður kvenna virðist stundum réttlættur með því að hann dragi úr eða kveði niður kynferðislegar langanir kvenna, þannig að þær verði ólíklegri til að stunda kynlíf fyrir giftingu og til að leiðast til framhjáhalds í hjónabandi. Þessari réttlætingu verður að hafna út frá jafnréttis og mannréttindasjónarmiðum, nefnilega að umskurður sé aðferð karlmannna til ráða yfir og kúga konur. Umskurður kvenna skerðir mannréttindi þeirra þar sem hann rænir þær hluta af sjálfum sér og tekur frá þeim möguleika á kynferðislegum unaði sem þær eiga rétt á njóta síðar á ævinni.

Því er fyllilega réttlætanlegt að setja lög til að koma í veg fyrir umskurð kvenna. Samtök kvenna af erlendum uppruna mæla með því að slík lög verði sett á Íslandi og að það frumvarp sem hér liggur fyrir verði samþykkt. Að öðru leyti gera Samtökin ekki athuga- sendir við einstakar greinar þess frumvarps sem liggur frammi.

Virðingarfyllt,  
f.h. Samtaka kvenna af erlendum uppruna

  
Anh-Dao Tran, formaður